

9.tbl.

1. mars 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

VETRARHÁTÍÐ VIÐ MÝVATN

3.-12. MARS 2023

WWW.VETRARHATID.COM



Kæru íbúar Þingeyjarsveitar!
Vetrarhátíðinni er á næsta leiti!
Verið með, takið þátt og munid
að tagga okkur #vetrarhatid2023

Sérstaklega í þeim fjölda
viðburða sem eiga sér
stað **Á milli helga vítt** og
breitt um sveitarfélagid!
Fjölmargir hafa lagt
hönd á plóg til að gera
dagskrána svo glæsilega
- nú höfum við gaman
saman!





Ert þú karlmaður, orðinn 24 ára, býrð á Húsavík eða nágrenni, hefur kannski velt fyrir þér starfi frímúrara og hvernig menn gerast félagar.

Við Draupnisbræður bjóðum þér í kaffisopa og spjall, laugardaginn 11. mars 2023, á milli kl. 10:30 - 12:00, í húsakynnum okkar að Garðarsbraut 62 á Húsavík.

Vertu velkominn.



Félagsvist – Ýdalir



Nú ætlum við að spila félagsvist
þrjú næstu þriðjudagskvöld,
7. mars, 14. mars og 21. mars að Ýdölum klukkan 20:00.
Það kostar aðeins fimmhundrað krónur fyrir kvöldið og innifalið í
því er hressing í hléi.
Mætum hress og höfum gaman af.

Allir velkomnir.

Didda og Ólína

Mývatn Open 2023

Ísmótið Mývatn Open verður haldið helgina 3.-4. mars 2023 á Stakhólstjörn við Skútustaði í Mývatnssveit. Keppt verður í B-flokki og Tölti (2 styrkleikaflokkar), A-flokki (1 styrkleikaflokkur,) og 100 m. skeiði. Hestamannafélagið Þjálfí býður í reiðtúr út á frosið Mývatn á föstudeginum og er öllum velkomnið að taka þátt.

Dagskrá:

Föstudagur 3. mars

hópreið um Mývatn kl. 16:30. allir velkomnir, ekkert þátttökugjald.
hópreiðin fer frá Álftabáru, bílastæði eru við Sel-hótel mývatn.

Laugardagur 4. mars

10:00 keppni hefst

B-flokkur, 2. og 1. flokkur, forkeppni og úrslit.

forkeppni riðin með frjálsum vali.

sýna skal hægt tölt, greitt tölt, brokk og frjálst.

úrslitum er stjórnad af þul.

A-flokkur, forkeppni og úrslit.

forkeppni riðin með frjálsum vali.

sýna skal tölt, brokk, skeið og frjálst

úrslitum er stjórnad af þul.

Tölt, 2. og 1. flokkur, forkeppni og úrslit

forkeppni riðin með frjálsum vali.

sýna skal hægt tölt, greitt tölt, tölt með hraðabreytingum fram og tilbaka.

úrslitum er stjórnad af þul.

100 m. skeið

Skráning er á sportfengur.com. skráningarfrestur er til kl. 23:00 miðvikudaginn 1. mars. skráningargjald er 3.500 kr. á hverja skráningu. ekki verður tekið við greiðslu á staðnum. afskráningar verða að hafa þorist fyrir kl: 9:00 laugardaginn 4. mars.

Hestamannafélagið Þjálfí





Messa á Einarasstöðum

Almenn guðspjónusta verður á Einarasstöðum næstkomandi
sunnudag, 5. mars kl. 11:00.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.



Kyrrðar- og bænastund Einarasstöðum

Kyrrðar- og bænastund verður í Einarasstaðakirkju næstkomandi
miðvikudag 8. mars klukkan 20:00.

Verið öll velkomin

Séra Þorgrímur.



Fundargerð

19. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Ýdölum, fimmtudaginn 23. febrúar 2023, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggisdóttir, Eygló Sófusdóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson.

Fundargerð ritaði: Magnús Már Þorvaldsson

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir samþykki fundarmanna fyrir því að taka á dagskrá með afbrigðum eftirtalin mál:

1. Starfsmannamál
2. Fundargerð ársfundar Leiguíbúða Þingeyjarsveitar
3. Fundargerð 27. fundar stjórnar Leigufélags Þingeyjarsveitar
4. Erindi frá foreldrum nemenda í Stórutjarnaskóla
5. Húsnæðismál

Samhljóða samþykkt.

1. Starfsmannamál - 2301012

Fyrirliggjandi er ráðningarsamningur við Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur í starf sveitarstjóra Þingeyjarsveitar. Ragnheiður Jóna var ein af umsækjendum um starf sveitarstjóra þegar það var auglýst sl. sumar. Hún var sveitarstjóri í Húnaþingi vestra á síðasta kjörtímabili og þar áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri afmælisnefndar aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.

Ragnheiður Jóna starfaði í 10 ár hjá Eyþingi, sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, sem menningarfulltrúi og verkefnastjóri uppbyggingarsjóðs.

Oddviti hefur undirritað ráðningarsamning með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Til máls tóku: Arnór, Jóna Björg, Gerður og Knútur Emil.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ráðningarsamning við Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur í starf sveitarstjóra og býður hana velkomna til starfa.

2. Hofsstaðir - Menningarsetur - 2108029

Lagt fram til kynningar bréf frá Minjastofnun þar sem óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins að rekstri og nýtingu Hofsstæða. Framkvæmdasýsla ríkisins - Ríkiseignir eignuðust Hofsstæði í Mývatnssveit af bræðrunum Ásmundi og Guðmundi Jónssonum gengnum árið 2014. Minjastofnun hefur haft umsjón með eigninni.

Til máls tóku: Árni Pétur og Knútur Emil.

Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og ítrekar mikilvægi þess að Minjastofnun komi að

rekstri Hofstaða enda um merkt minjasvæði að ræða. Forsenda þess að slíkur rekstur gangi er að tekjur svæðisins, s.s. arður af eignum skili sér beint til reksturs Hofstaðasvæðisins.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga.

Samþykkt samhljóða.

3. Starfshópur um úrgangsmál 2023 - 2302020

Sveitarstjórn skipaði starfshóp um úrgangsmál á 16. fundi sínum þann 19.01.2023. Lögð er fram verkáætlun starfshópsins til kynningar.

Til máls tóku: Jóna Björg og Gerður.

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með verkáætlun starfshópsins.

4. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra - Umsagnarbeiðni tækifærisleyfi Tónkvíslin - 2302013

Tekið fyrir erindi Sýslumannsembættisins á Norðurlandi eystra, dagsett 13. febrúar 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Andra Hnikarrs Jónssonar f.h. Framhaldsskólans á Laugum um tækifærisleyfi vegna Tónkvíslar - söngkeppni skólans sem áætlað er að halda í íþróttahúsinu á Laugum þann 11. mars 2023.

Til máls tóku: Árni Pétur og Eygló. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins. Samþykkt samhljóða.

5. Samorka - Aðalfundarboð - 2302017

Lagt er fram til kynningar, aðalfundarboð Samorku. Aðalfundurinn verður haldinn í Hvammi á Grand Hotel í Reykjavík þann 15. mars nk.

Sveitarstjórn samþykkir að Gerður fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum. Samþykkt samhljóða.

6. Landeigendafélag Voga - Málefni hitaveitu - 1712010

Lögð fram gögn varðandi áralangan ágreining Skútustaðahrepps og Landeigenda í Vogum um málefni hitaveitu.

Lagt fram til kynningar.

7. Húsnæðisáætlun Þingeyjarsveitar 2019-2026 - 1904020

Á 18. fundi sveitarstjórnar þann 9.2.2023 var Árna Pétri Hilmarssyni og Knúti Emil Jónassyni falið að fullvinna áætlunina. Vinnan stendur yfir og verður áætlun skilað innan tímamarka og staðfest á næsta fundi sveitarstjórnar.

Til máls tók: Jóna Björg. Lagt fram til kynningar.

8. Garðar Finnsson: Umsókn um hæsnahald - 1703014

Garðar Finnsson sækir um endurnýjun á leyfi til hæsnahalds í Birkihrauni 12. Leyfið var upphaflega veitt á grundvelli reglugerðar Skútustaðahrepps um hæsnahald í þéttbýli. Reglugerðin var staðfest af sveitarstjórn Skútustaðahrepps 2017.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlengingu leyfisins og felur sveitarstjóra afgreiðslu þess. Samþykkt samhljóða.

9. SSNE - Líforkuver - 2109033

Meðfylgjandi eru drög að sameiginlegri viljayfirlýsingu sveitarfélaganna á

Norðurlandi eystra vegna næstu skrefa undirbúnings við líforkuver í Eyjafirði sem óskað er eftir að sveitarfélögin taki afstöðu til hvort þau séu tilbúin til að standa að.

Varðandi kostnað þann sem yrði á hendi sveitarfélaganna í þessu skrefi, þá hefur stjórn SSNE ákveðið að leggja til að þetta verði hluti af áhersluverkefni Sóknar-
áætlunar og verður því vonandi fjármagnað í gegnum þann farveg.

Til máls tóku: Jóna Björg og Gerður.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti drög að viljayfirlýsingu sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra vegna næstu skrefa við líforkuver í Eyjafirði og felur sveitar-
stjóra að undirrita yfirlýsinguna þegar hún liggur fyrir. Komi til þess að sveitar-
félögin fjármagni næstu skref í undirbúningi, mun sveitarstjórn taka það sérstak-
lega fyrir. Samþykkt samhljóða.

10. Bygging 60 rýma hjúkrunarheimilis á Húsavík - 2209005

Fyrir liggur viðauki við verksamning um byggingu nýs 60 íbúða hjúkrunar-
heimilis á Húsavík. Drög að verksamningi voru samþykkt af sveitarstjórn þann
19.01.2023. Fyrir liggur að Heilbrigðisráðuneytið samþykkir viðaukann fyrir sitt
leyti. Næstu skref eru þau að á grundvelli undirritaðs samnings munu Ríkiseignir
óska eftir útboðsheimild hjá Fjármálaráðuneyti. Útboðsferillinn er 3 mánuðir og
verkfrákvæmd er áætluð 30 mánuðir.

Til máls tók: Jóna Björg.

Sveitarstjórn staðfestir framlagðan viðaukasamning og felur sveitarstjóra að
undirrita hann. Samþykkt samhljóða.

11. SSNE - Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036 Tilaga til kynningar - 2302014

Lögð fram til kynningar, tillaga að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á
Norðurlandi 2023-2036 ásamt umhverfismatsskýrslu í samræmi við III. kafla laga
um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2012.

Tillagan hefur verið auglýst og gefst almenningi sex vikna frestur til að kynna sér
tillöguna og umhverfismatsskýrsluna og koma athugasemdum sínum á framfæri
áður en áætlunin er afgreidd af viðkomandi sveitarstjórnnum.

Til máls tók: Gerður

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa áætluninni til umfjöllunar í umhverfis-
nefnd.

16. Starfsmannamál - 2301012

Niðurstaða liggur fyrir í ráðningaferli verkefnastjóra fjölskyldumála.
Mögnum ráðningar annaðist ráðgjöf í ráðningaferlinu.

Sjö aðilar sóttu um og var Ásta Fönn Flosadóttir metin hæfust í starfið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá ráðn-
ingarsamningi við Ástu Fönn Flosadóttur og býður hana velkomna til starfa.

17. Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses. - fundargerðir - 2208004

Lögð fram fundargerð ársfundar Leiguíbúða Þingeyjarsveitar.

18. Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses. - fundargerðir - 2208004

Lögð fram fundargerð 27. fundar stjórnar Leigufélags Þingeyjarsveitar.

19. Foreldrar nemenda við Stórutjarnaskóla - bygging sparkvallar á skólalóð Stórutjarnaskóla - 2302023

Lagt fram erindi til sveitarstjórnar frá foreldrum nemenda í Stórutjarnaskóla þar sem óskað eftir því að sparkvöllur verði byggður á lóð skólans.

Til máls tók: Knútur Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til frekari umjöllunar í fræðslu- og velferðarnefnd. Samþykkt samhljóða.

20. BH Bygg ehf.- Íbúðir á lóðinni Klappahrauni 9 - 2301003

Á fundi sveitarstjórnar 9. febrúar 2023 var Knúti Emil og Árna Pétri falið að ganga til samninga við BH bygg um kaup á tveimur 117fm í búðum við Klappahraun í Reykjahlíðarþorpi.

Tillaga til sveitarstjórnar:

Að sveitarstjórn samþykki að sveitarstjóri undirriti samning um kaup á tveimur 117 m² fullkláruðum íbúðum við BH bygg ehf, á umræddum forsendum.

Þá vísar sveitarstjórn því til Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. að ganga til samninga við Jarðböðin hf um kaup á íbúðum sem eru í byggingu á þeirra vegum.

Að sveitarstjóri feli byggingarfulltrúa að uppfæra stöðu lóðaframboðs á vegum sveitarfélagsins fyrir komandi viðræður.

Til máls tóku: Árni Pétur, Gerður og Jóna Björg.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi við BH bygg ehf um kaup á tveimur íbúðum sem stendur til að byggja við Klappahraun. Samningur verði svo lagður fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

Þá vísar sveitarstjórn því til Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. að ganga til samninga við Jarðböðin um kaup á íbúðum sem eru í byggingu á þeirra vegum.

Byggingarfulltrúa/skipulagsfulltrúa er falið að taka saman yfirlit um framboð á lóðum á vegum sveitarfélagsins fyrir næstu skref í húsnæðisuppbyggingu sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

12. Íþrótt- og tómstundanefnd - 5 - 2301002F

Lögð fram fundargerð Íþrótt-, tómstunda- og menningarnefndar frá 7.2. 2023. Fundargerðin er í 12 liðum.

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 5. fundar íþrótt- og tómstundanefndar dags 7. febrúar 2022. Samhljóða staðfest.

12.1 2212005 - Menningarverðlaun Þingeyjarsveitar

12.2 2208049 - Gafl félag um þingeyskan byggingararf - Gerð húskannana í Þingeyjarsveit

12.3 2210021 - Félagsstarf eldri borgara 2022-2023

- 12.4 2208027 - Erindisbréf íþróttá- og tómstundaneftndar
- 12.5 2301010 - Endurnýjun á samningi
- 12.6 2211054 - Félagsheimili sveitarfélagsins - nýting þeirra
- 12.7 2301020 - Mývetningur- Fundargerðir
- 12.8 2301019 - Erindi frá stjórn Mývetnings, málefni ÍMS
- 12.9 2301017 - Fjallahringur Mývetnings
- 12.10 2301016 - Myndavélasafn Arnar
- 12.11 2212002 - Umsóknir um styrki til íþróttá- og æskulýðsstarfs
- 12.12 2302002 - Afnot af félagsheimilinu Breiðumýri maí-sept 2023

13. Fundargerðin er samhljóða staðfest.

Skipulagsnefnd - 9 - 2301007F

Fundargerð 9. fundar skipulagsneftndar frá 9.2.2023 lögð fram til kynningar. Liður nr. 2 - Byggingarleyfi að Hróarstungu þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. Aðrir liðir eru lagðir fram til kynningar.

Fundargerðin að öðru leyti samhljóða samþykkt.

13.1 2211038 - Svartáarkot - gróðurhús og fjölnotahús - Umsókn um byggingarleyfi

13.2 2212011 - Byggingarleyfi að Hróarstungu 3

Sveitarstjórn staðfestir bókun skipulagsneftndar og felur skipulagsfulltrúa að leita undanþágu frá gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Samþykkt samhljóða.

13.3 2111009 - Jarðböðin stækkun - umsókn um byggingarleyfi

13.4 2302003 - Byggingarleyfi að Skógalandi

13.5 2208042 - Vogar 1 - breyting á deiliskipulagi

13.6 2002013 - Þeistareykir - deiliskipulag

13.7 2302011 - Fyrirspurn frá Verndarfélagi Svartár og Suðurár

13.8 2302015 - Deiliskipulag Reykjahlíðarþorps - Lóðir 10 og 12

14. Fræðslu- og velferðarneftnd - 7 - 2302002F

Lögð er fram til kynningar fundargerð fræðslu- og velferðarneftndar frá 15.2.2023. Fundargerðin er í fjórum liðum. Liður nr. 2 krefst afgreiðslu sveitarstjórnar en aðrir liðir eru lagðir fram til kynningar. Til máls tók: Jóna Björg. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

14.1 2301011 - Skólanámskrá Barnaborgar 2023-2028

Sveitarstjórn þakkar deildarstjóra fyrir greinargóða og ítarlega skólanámskrá.

14.2 2209028 - Ný skólastefna Þingeyjarsveitar

Sveitarstjórn staðfestir tillögu fræðslu- og velferðarneftndar um skipun í starfshóp sem mun starfa með ráðgjafa Skólastofunnar slf við gerð nýrrar skólastefnu fyrir Þingeyjarsveit. Starfshópin skipa Eygló Sófúsdóttir, Arnór Benónýs-

son, Gunnhildur Hinriksdóttir, Jóhann Rúnar Pálsson, Birna Davíðsdóttir og Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir. Samþykkt samhljóða.

14.3 2302012 - Skólastarf Stórutjarnaskóla

14.4 1811020 - Menntamálastofnun - Ytra mat á Reykjahlíðarskóla 2019

15. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 4. - 2301009F

Lögð fram fundargerð 4. fundar Atvinnu- og nýsköpunarnefndar frá 6.2.2023. Fundargerðin er í tveimur liðum sem ekki þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. Til máls tók: Jóna Björg.

Sveitarstjórn tekur undir með Jónu Björgu um mikilvægi þess að sveitarstjórn leiti allra leiða til að ná fram umbótum í vegamálum í sveitarfélaginu.

Fundargerðin samhljóða staðfest.

15.1 2301023 - Vegamál í Þingeyjarsveit. Samtal við fulltrúa Vegagerðarinnar.

15.2 2301026 - Önnur mál, opin umræða.

Fundi slitið kl. 13:50.

Tónkvíslin 2023

Söngkeppni Framhaldsskólans á Laugum
verður haldin í íþróttahöllinni á
Laugum laugardagskvöldið þann 11. mars n.k.

Miðasala á staðnum.

Takið kvöldið frá

Aðalfundur Kvenfélags Mývatnssveitar

verður haldinn miðvikudaginn 8 mars
kl 20:00 í Skjólbrekku.
Venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál.
Nýir félagar boðnir velkomnir.

Kveðja stjórnin.

Myndasýning Skógum, Fnjóskadal



mánudagskvöldið 6. mars klukkan 20.00.

Hermann R. Herbertsson sýnir slædesmyndir úr eigin safni en einnig eru til sýnis ljósmyndir úr safni skólans.

Komum saman og njótum skemmtilegrar kvöldstundar.

Aðgangur 1000 krónur.

Þriðjudaginn 7. mars kl. 14
í Silfurbergi í Hörpu

Skráning á
landsvirkjun.is

Grunnur grænna samfélags

Ársfundur Landsvirkjunar

Ávörp

Bjarni Benediktsson
fjármálaráðherra

Jónas Þór Guðmundsson
stjórnarformaður Landsvirkjunar

Erfndi

Hörður Arnarson
forstjóri

Kristín Linda Árnadóttir
aðstoðarforstjóri

Rafnar Lárusson
framkvæmdastjóri Fjármála og upplýsingatækni

Tinna Traustadóttir
framkvæmdastjóri Sölu og þjónustu

 **Landsvirkjun**



Frá Félagi eldri borgara í Dingeyjarsveit.

Fyrirhuguð er leikhúsferð á vegum félagsins,
að sjá söngleikinn Chicaco hjá Leikfélagi Akureyrar,
ef næg þátttaka fæst.

Reiknum við með að fara í byrjun apríl og ætlum að
fá rútu til fararinnar.

Einnig langar okkur til að fara út að borða eftir sýningu.
Félagið tekur þátt í kostnaði.

Þátttaka tilkynnist Ingvari í síma 8993286 fyrir 15. mars.

Kveðja stjórnin



Aðalfundur Umf. Eflingar

verður haldinn í Dalakofanum
þriðjudaginn 14. mars nk. og hefst kl. 18:00.

Venjuleg aðalfundarstörf, veitingar í boði stjórnar.

Við hvetjum félaga til þess að mæta og hafa áhrif á starfið.
Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin